

Íbúaráð Kjalarness 13. janúar 2021: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, fulltrúa Vinstri Grænna, fulltrúa íbúasamtaka, fulltrúa foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa um uppsetningu öryggismyndavéla á Kjalarnesi.

Lagt er til að komið verði upp öryggismyndavélum á Kjalarnesi í samvinnu Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar í Reykjavík. Mörg nágrannasveitarfélaga okkar hafa sett upp slíkar vélar í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínu m.a. Seltjarnarnes, Garðabær og Selfoss og uppsetning slíkra véla hefur verið samþykkt á Akranesi. Slíkar vélar yrðu settar upp í samráði við íbúa og lögreglu sem bæri ábyrgð á framkvæmdinni og upptökunum. Þær hafa óumdeilanlega skapað fælingarmátt gegn afbrotum og skipta oft sköpum við að upplýsa afbrot og auka öryggi borgaranna á margvíslegan annan hátt.

Greinargerð:

Bætt tækni í notkun eftirlitsmyndavéla gefur tækifæri til að auðvelda vinnu lögreglu á vissum sviðum sem getur sparað dýrmætan tíma þegar mikið liggur við. Rétt er að áréttu að útfærsla kerfisins verði unnin í samráði við Persónuvernd og farið verið eftir persónuverndarlögum í hvívetna. Íbúar hafa þegar sýnt þessum málaflokki áhuga og er rétt að stíga hér markviss skref í að bæta öryggi íbúa.